

# Leiðbeiningar

## fyrir sveitarfélög um sérstaka íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum 2020-2021

Í fjáráukalögum fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020, nr. 36/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins, var samþykkt 600 m.kr. framlag til sveitarfélaga í því skyni að gera þeim kleift að veita styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnað stundað íþróttir og aðrar tómstundir.

Leiðbeiningar þessar eru gefnar út af félagsmálaráðuneytinu til að samræma úthlutun sérstakra íþrótt- og tómstundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum. Styrkirnir eru veittir af sveitarfélögum á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Félagsmálaráðuneytið gaf fyrst úr leiðbeiningarnar, dags. 10. september 2020, og þær voru uppfærðar 13. apríl 2021. Með þessum leiðbeiningum er umsóknarfrestur lengdur og einstaklingum gert kleift að sækja um styrk vegna kostnaðar við íþrótt- og tómstundastarf sumarið 2021.

Sveitarfélög setja sérstakar reglur um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.

### 1. gr.

Fyrir 31. júlí 2021 skulu sveitarfélög greiða íþrótt- og tómstundastyrk með börnum fæddum á árunum 2005 til 2014 á tekjulágum heimilum, þ.e. sem eru með lögheimili á heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020.

Styrk skal greiða vegna kostnaðar við íþrótt- og tómstundastarf á skólaárinu 2020-2021 og sumarið 2021, allt að 45.000 kr. fyrir hvert barn.

### 2. gr.

Íþrótt- og tómstundastyrk skal greiða samkvæmt umsókn til sveitarfélags. Umsókn skal berast fyrir 31. júlí 2021 og miða skal við að íþrótt- og tómstundaiðkunin fari fram á skólaárinu 2020-2021 eða sumarið 2021.

Áður en umsækjandi sækir um styrkinn hjá sveitarfélagi kannar hann rétt sinn hjá Ísland.is. Þar fær hann sjálfvirka niðurstöðu um hvort hann uppfylli tekjuviðmið skv. 1. gr. reglnanna, ásamt leiðbeiningum um næstu skref. Ef umsækjandi uppfyllir tekjuviðmið er sú niðurstaða aðgengileg sveitarfélögum á þar til gerðri vefsíðu (bakendakerfi) með íslykli eða rafrænum skilríkjum. Þegar sjálfvirk niðurstaða liggur fyrir sækir umsækjandi um styrkinn hjá sveitarfélagi. Sveitarfélag tekur ákvörðun um úthlutun styrks á grundvelli umsóknar að fengnum gögnum um kostnað umsækjanda við íþrótt- og tómstundastarf barnsins á árinu 2020-2021.

### 3. gr.

Um málsmeðferð, þ.m.t. kærueimild, fer samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.